

Stofnun:

Starf:

Iðnaðarráðuneyti.

Rafmagnsveitur ríkisins

Rafveitustjórar 3

Rafveitustjórar 2

Rafveitustjórar 1

Símaverðir í Rvík og umdæmum

Veitugæsla, Akureyri

Vélgæslumenn virkjana

Umhverfissráðuneyti.

Veiðistjóri

Veðurstofa Íslands

Dýrahirðir

Háloftamenn, Keflavíkflugvelli

Veðurathugunarmenn á Hveravöllum

Yfirdeildarstjóri tölvudeildar

Skrá þessi tekur gildi 15. febrúar 1995 og kemur í stað auglýsingar nr. 27/1992 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 27. janúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ**um verðjöfnun við útflutning á vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni.**

1. gr.

Við útflutning á fullnum vörum sem innihalda að einhverjum hluta mjólk eða mjólkurafurðir, kjöt eða egg, er unnt vegna verðjöfnunar að fá greitt sem samsvarar mismun á verði viðkomandi hráefna á heimsmarkaði og innanlands. Til að verðjöfnun nái til vörunnar skal hún falla undir eftirfarandi vöruliði og tollskránumer sbr. Viðauka I við lög nr. 55/1987 með síðari breytingum:

0403.1001	1517.1011	1902.2041	2103.9009
0403.1002	1517.1019	1902.3022	2104.1004
0403.1003	1517.9002	1902.3041	2104.1009
0403.9001	1901.2023	1902.4022	2104.2001
0903.9002	1901.2024	1905.9051	2106.9049
0403.9003	1902.2022	1905.9059	2202.9001
0403.9004			

Greiðsla verðjöfnunar fyrir ofangreindar vörur fer eftir því magni landbúnaðarhráefnis sem notað er við framleiðslu viðkomandi vöru og verðjafnað er fyrir sbr. 2. gr. Hvað varðar

vöru í tollflokki sem að neðan greinir skal þó ekki greiða verðjöfnun á það magn hvernar hráefnistegundar sem er umfram 60% af heildarþunga.

1601.0009

úr vörulið 1602 Forsoðnar eða soðnar vörur.

1604

1605

1902.2021

1902.4021

2. gr.

Viðmiðuarverð, innlent og erlent, sem notað er við ákvörðun upphæðar verðjöfnunar á hverja tegund hráefnis, skal vera það sama og birt er í reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarafurðum, sem í gildi er hverju sinni, skv. 72. grein búvörulaga.

Útflytjandi vöru, sem fellur undir verðjöfnunarákvæði fríverslunar- eða milliríkja-samninga sem Ísland er aðili að, á rétt á sömu verðjöfnun á einingu og lögð er á við innflutning sambærilegrar vöru.

3. gr.

Sækja skal um heimild til verðjöfnunar til landbúnaðarráðuneytisins vegna þeirrar vöru sem fyrirhugað er að flytja út, áður en til útflutnings kemur. Umsókn á þar til gerðu eyðublaði skal innihalda upplýsingar um hráefnanotkun, samsetningu og tollflokki vörunnar, uppruna hennar, útflutningsverð, útflytjanda, útflutningsstað, viðtökuland (lönd) og áætlun um sölumagn. Ráðuneytið getur hafnað því að veita heimild til verðjöfnunar. Ráðuneytið heimilar greiðslu jöfnunargjalds fyrir viðkomandi vöru með áritun á útflutningsskjöl eða með sérstakri heimild er gildir fyrir ákveðið framleiðslumagn og/eða í ákveðinn tíma, þó ekki lengur en eitt ár frá útgáfudegi. Landbúnaðarráðuneytið skal senda afrit af heimildum þessum til embættis ríkistollstjóra og tollstjóra í því tollumdæmi þar sem útflutningsvara er flutt í far. Fara skal með umsóknir sem trúnaðarmál.

4. gr.

Útflytjendur skulu láta yfirvöldum í té sýnishorn af vörum þeim sem verðjöfnun er greidd út á, ef þess er óskað. Ennfremur skulu framleiðendur viðkomandi vöru halda nákvæmt bókhald yfir magn og verð þeirra hráefna sem notuð eru til framleiðslunnar og láta þær upplýsingar yfirvöldum í té, sé þess óskað. Útflytjanda ber skylda til að tilkynna breytingar á hráefnisnotkun til landbúnaðarráðuneytisins sem gefur út nýja heimild til verðjöfnunar ef þurfa þykir. Einnig skal landbúnaðarráðuneytinu tilkynnt ef framleiðslu viðkomandi vöru hefur verið hætt.

5. gr.

Tollstjórar um land allt skulu annast greiðslu verðjöfnunar.

Útflytjandi skal sækja um greiðslu verðjöfnunar á þar til gerðu eyðublaði um leið og útflutningsskjöl eru lögð fram hjá tollstjóra. Í umsókninni skal koma fram tilvísunarnúmer heimildar til verðjöfnunar frá landbúnaðarráðuneytinu. Greiðsla verðjöfnunar skal eiga sér stað innan viku frá því að fullnægjandi gögn, sbr. reglugerð nr. 228/1993 um tollskrárslur og fylgiskjöl þeirra, hafa borist tollstjóra. Tollstjóri getur krafist þeirra gagna sem hann telur nauðsynleg.

Upphæð verðjöfnunar skal reiknuð samkvæmt þeim reglum sem í gildi voru er útflutningur átti sér stað.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi sem upp kann að koma vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 73. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, sbr. lög nr. 126 28. desember 1993 og öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1996.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. janúar 1995.

Halldór Blöndal.

Guðmundur Sigþórsson.

AUGLÝSING

**um skrá Reyðarfjarðarhrepps skv. 2. mgr. 19. gr. l.
nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Samkvæmt ákvæðum 19. greinar laga um opinbera starfsmenn nr. 94 frá 1986 hefur hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps samþykkt að birta skrá yfir störf sem heimilt er að vinna í verkfalli.

Í samræmi við framangreint verða eftirtalin störf á svokölluðum verkfallslista.

1. Skrifstofustjóri.
2. Veitustjóri.
3. Yfirhafnarvörður.

Reyðarfirði, 30. janúar 1995.

Ísak J. Ólafsson sveitarstjóri.